

1856.
22. marz. töluverður munur hefir verið á lestarúmi því á skipi, sem sagt er frá í skipaskjölum og samkvæmt hverjum það hefir fengið leiðarbréf, ok lestarúmi því, sem menn hafa reiknað út eptir hinni dönsku fermíngarreglugjörð, og þar ekki neitt boð er í löggjöfinni um hina íslenzku verzlun, sem samsvari 8. gr. í lögum 21. marz f. á. um að einkaverzlun konúngs á Færeyjum sé tekin af, og samkvæmt hverri hlutaðeigandi embættismenn á Færeyjum eru skyldir, þegar þeir álíta að ekki sé sagt rétt frá stærð skipsins, að láta mæla skipið og beri amtmanni að sjá fyrir að það verði gjört, hefir stjórnarráðið álitit hentugast, að sèð verði um að mæla skip einnig á Íslandi, þegar næg ástæða er fyrir því að draga í efa, hvort rétt væri sagt frá lestarúmi skipsins, og því verð eg að biðja yður, herra stipamtmaður (herra amtmáður), um að skýra bæjarfógetanum í Reykjavík ok sýslumanninum á Vestmannaeyjum (sýslumönnunum í Ísafjarðar og Snæfellsness sýslum; sýslumönnunum í Eyjafjarðar og Suðurmúla sýslum) frá, að þeim ber að mæla skip þau, sem koma til Íslands, þegar svo stendur á, að eptirtakanlegur munur er á lestarúmi því, sem sagt er frá í leiðarbréfinu eða skjölum þeim, eptir hverjum það hefir fengið leiðarbréfið, og því lestarúmi, sem svari því, er skipið hefir flutt til Íslands eða frá Íslandi, eða þegar kríngumstæðurnar að öðru leyti gætu gefið tilefni til að álíta, að skýrsla sú, sem er gefin um lestarúmið, sé æði raung; þegar svo stendur á ber þess þó að gæta, að mæling skipsins fari fram á þann hátt, að af því leiði sem minnsta tálmun fyrir fermíngu og affermíngu skipsins.

2. apríl. **5. Auglýsing dómsmálastjórnarinnar um aukagjald fyrir sum utanríkisskip sem sigla til Íslands.**

Eptir að nú er á enda frestur sá, sem með allrahæstum úrskurði 22. marz f. á., er birtur var með auglýsingu frá stjórn innanríkismálanna 24. s. m., var settur fyrst um sinn fyrir tímabilið frá 1. apríl 1855 til 31. marz þ. á., viðvíkjandi aukagjaldi

fyrir sum utanríkisskip, er sigla til Íslands, hefir Hans Hátign konúnginum, eptir tillögum dómsmálastjórnarinnar, 1. dag þ. m. allramildilegast þóknast að skipa svo fyrir, samkvæmt lögnum um siglíngar og verzlun á Íslandi 15. dag aprílmánaðar 1854, 7. gr., að öll utanríkisskip, sem sigla til Íslands til verzlunar, nema þau, sem eiga heima í Stóra-Bretlandi og Írlandi, Prússalandi eða í Svíaríki og Noregi, eigi framvegis fyrst um sinn, auk gjalds þess, sem til er tekið í 6. gr. í greindum lögum, enn fremur að greiða 2. rðla aukagjald af hverju lestarúmi í skipinu eptir dönsku máli, nema því að eins, að fullgild sönnun verði færð fyrir því, að skip þegna Danakonúngs hafi jafnrætti bæði í tilliti til tolls og skipagjalda, við innlend skip í því landi, þar sem skipið á heima, eða að það land eptir samningi við hina dönsku stjórn sé undan þegið ákvörðuninni í 7. gr. í opt nefndum lögum.

Þetta auglýsist þannig öllum, er hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

1856.
2. apríl.

6. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins á Íslandi um fermingu mál- og heyrnarlausrar stúlku. 12. apríl.

Herra biskupinn hefir í þóknanlegu bréfi 29. febrúar þ. á. sent bréf frá prófastinum í Húnavatns sýslu J. Jónssyni, og biður hann í því um leyfi að mál- og heyrnarlaus stúlka, Björg Ólafsdóttir á Staðarbakka, megi ná fermingu og verða hluttakandi í kvöldmáltíðar sakramentinu, og hafið þér um þetta gjört þá athugasemd, að stúlka þessi, sem er 22 ára að aldri, hafi fengið gott uppeldi, eptir því sem unnt er, hjá stjúpna sínum prestinum G. Gíslasyni á Staðarbakka, svo hún með bendíngum hefir numið hinar mest áriðandi trúarbragða greinir, og hafi sjálf ákafa laungun til að ganga til altaris. En þar þetta, samkvæmt tilskipun 13. janúar 1736 og tilskipun 25. maí 1759 1. gr., ekki getur átt sér stað fyri en hún er staðfest, hafið þér farið fram á að hið umbeðna yrði leyft.